

SAMTÖK VERSLUNARINNAR

FEDERATION OF ICELANDIC TRADE



SAMTÖK MILLIRÍKJA-
VERSLUNAR, HEILD-
SÖLU- OG SMÁSÖLU-
DREIFINGAR

Alþingi

Erindi nr. P 130/875

komudagur 27.1.2004

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 27.01.2004

Tilv. 25.103

GÁS

Vísað er til erindis hæstvirkar efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 12. nóvember 2003, þar sem óskað er umsagnar Samtaka verslunarinnar um frumvarp til laga um váttryggingasamninga, 204. mál.

Almennt má segja um frumvarpið að texti þess er að mörgu leyti óskýr og opinn og þar af leiðandi hættu á að ágreinings- og dómsmál muni leiða í kjölfarið verði frumvarpið að lögum. Ýmis ákvæði eru þess eðlis að nauðsynlegt er að skoða nánar hvort þau fái staðist gagnvart atvinnufrelsisákvæði stjórnarskrárinnar og samningnum um evrópska efnahagssvæðið. Á það t.d. við um ýmis ákvæði 2. kafla frumvarpsins. Váttryggingastarfsemi hvílir á aldagamalli hefð og er mótuð í alþjóðlegum viðskiptum og er engin ástæða til að finna upp hjólið á ný eins og gert er í frumvarpinu.

Velta má því fyrir sér hvort þörf sé á að setja heildarlöggjöf um váttryggingasamninga eða hvort ekki sé nægilegt að breyta gildandi lögum í þá átt að auka neytendavernd og setja ákvæði um hópváttryggingar í lögin.

Í athugasemdum við frumvarpið er greint frá því að frumvarpið sé í mörgum atriðum byggt á norskum lögum um sama efni. Hins vegar eru sett í frumvarpið ýmis séríslensk ákvæði sem almennt má segja að hafi í för með sér hömlur á atvinnufrelsi og þrengingu á rétti, t.d. til að halda uppi mótbárum.

Varað er sérstaklega við því að ákvæðum um sjóváttryggingar er sleppt í frumvarpinu. Mjög rík þörf er á að sérstaklega verði tekið á þessum þætti í ljósi þess að Ísland hefur svo ríka hagsmuni af sjóflutningum til og frá landinu. Vekja ber sérstaka athygli á að ástæða þess að ákvæði um sjóváttryggingar er ekki að finna í norskum lögum er sú að þar hefur verið gerður sérstakur sáttmáli um sjóváttryggingar (Norwegian Marine Insurance Plan) en sambærilegur sáttmáli hefur ekki verið gerður hér á landi. Þá má ennfremur benda á að í Bretlandi hafa verið sett sérstök lög um sjáváttryggingar, Marine Insurance Act.

Samtökin telja ekki ástæðu að gera sérstakar athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins en ítarlegar athugasemdir voru sendar iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu þegar frumvarpið var til umfjöllunar þar. Þó má benda á að ýmis ákvæði frumvarpsins þykja frekar eiga heima í



lögum um váttryggingastarfsemi og ennfremur er ekki talin sérstök þörf á að kveða sérstaklega á um eftirlitshlutverk Fjármálaeftirlitsins í lögum um váttryggingasamninga þar sem það er mjög vel skilgreint í lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Að lokum áskilja samtökin sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðara stigi og lýsa sig jafnframt reiðubúin til að skýra málið nánar verði eftir því leitað.

Virðingarfyllt

Guðrún Ásta Sigurðardóttir hdl.